



Alþingi
Erindi nr. P 127/1573
komudagur 2.4.2002

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

29. mars 2002

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á samkeppnislögum (596. mál)

Visað er í bréf nefndarinnar dags. 18. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. Fyrst og fremst virðist vera um formbreytingu að ræða, þ.e. að aðlaga viðeigandi ákvæði samkeppnislaga að reglugerð EB um beitingu þess ákvæðis EB-sáttmálans sem fjallar um ríkisaðstoð. SBV hafa ekki athugasemdir við það, enda mikilvægt að einsleit beiting samkeppnisreglna sé viðhöfð á EES-svæðinu.

Hins vegar þykir undirrituðum rétt að benda á að lokamálsliður 2. gr. frumvarpsins (óbreyttur frá gildandi lögum), sem undanþiggur ríki og sveitarfélög skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem þegið hefur ólögmeta ríkisaðstoð, er ekki tilskipanatengt ákvæði eins og misskilja mætti af greinargerð frumvarpsins. Þá mætti huga að betra orðalagi næst síðasta málsli. 2. gr., þar sem segir "...fengin aðstoðin *til umráða*...", sem virðist tilraun til að þýða "...aid was at the disposal of..." í enska texta tilskipunar.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri